

Nr. 42
30. nóv.

Bráðabirgðalög

um

breyting á löggjöfnni um skrásetning skipa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnegum tillögum stjórnarráðs Íslands um nauðsyn á því að gjöra breytingu á löggjöfnni um skrásetning skipa, til þess að hún sje í samræmi við hin dansk-íslensku sambandslög, verðum Vjer að telja brýna nauðsyn á því að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 6. gr. stjórnarskrárinnar, um breyting á löggjöfnni um skrásetning skipa.

Því þjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Síðasti liður í 2. gr. laga nr. 31, 13. desember 1895 um skrásetning skipa orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má hjer eftir hafa neinn annan fána fyrir þjóðfána en hinn íslenska fána.

Í stað orðanna »danskt flagg« annarstaðar í lögunum komi »íslenskan fána«.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann setur ákvæði þau, sem nauðsynleg eru, til að skift verði um þjóðernis- og skrásetningarskírteini þau, er hingað til hafa verið í gildi, með nýjum skírteinum, sem bera með sjer íslenskt þjóðerni skipsins.

3. gr.

Lög nr. 50, 30. nóvember 1914 eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918; atvinnu- og samgöngumálaráð-^{Nr. 42}
herrann getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra. ^{30. nóv.}

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóv. 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon,